

Skýrsla Húsnæðisnefndar

Húsnæðisnefnd 2014

Össur Imsland (*ossur<hja>gmail.com*), formaður - 8661866

Páll Gestsson (*pall.gestsson<hja>gmail.com*), umsjón Nauthólsvík - 6641807

Gunnar Ingi Gunnarsson (*gunnar.ingi<hja>mosverjar.is*) - 8993055

Einar Sveinn Magnússon (*esm<hja>pfaff.is*) - 6598196

Sigurjón Magnússon (*sigurjonmagnusson<hja>gmail.com*) - 8599678

Þóra Atladóttir, (*thoraalt<hja>hotmail.com*) – búnaðarstjóri - 6590099

Þorsteinn Guðmundsson, (*kayak<hja>islandia.is*)


Þorsteinn Sæmundsson, (*steinis<hja>hi.is*)

Hlutverk nefndarinnar er að reka fasteignir og aðra aðstöðu Kayakklúbbsins og vinna í málum er tengjast framtíðaraðstöðu klúbbsins. Klúbburinn hefur aðstöðu á þremur stöðum. í sundlauginni í Laugardal, í Nauthólsvík og á Eiðinu við Geldinganes.

Í **sundlauginni í Laugardalnum** höfum við fengið að geyma báta í kjallara innilaugarinnar. Þetta eru mest straumvatnsbátar sem eru notaðir við æfingar og kennslu í innilauginni. Þessa aðstöðu fáum við án endurgjalds.

Í **Nauthólsvík** leigjum við aðstöðu af Siglingaklúbbnum Brokey. Þar eru pláss fyrir ca. 35 báta ásamt aðgengi að búningaklefum og sturtum. Leigan sem við borgum þar er nokkurn veginn á pari við þau geymslugjöld sem innheimtast þannig að þau standa nánast undir leigukostnaði. Nokkur pláss eru oftast laus í Nauthólsvík. Páll Gestsson hefur séð um aðstöðuna í Nauthólsvík.

Höfuðstöðvar Kayakklúbbsins eru á Eiðinu við Geldinganes.



Teikning af aðstöðunni



Ljósmynd tekin 9.5.2013

Aðstaðan samanstendur af 13 gámaeiningum, fjórum 20 feta einangruðum aðstöðu gámum, kaffigám, sturtu-, og búnaðargám, kvennaklefa, og karlarlæklefa, sjö 20 feta kayakgeymslugámum, og tveggja 40 feta kayakgeymslumgámum. kayakgeymslugámarnir reiknast til að hýsa a.m.k. 9x20 sjökayakbáta eða alls 180 sjökayakbáta. Auk þessa eru félagsbátar í helming annars 40 feta gámsins og sit on top bátar í helming hins 40 feta gámsins og eru þeir settir eru í hliðarpláss sitt hvoru megin með gönguleið á milli. Einum 20 feta gám var bætt við í janúar 2014 og leysti það geymsluvandann

en biðlisti var kominn eftir geymsuplássum. Staðan er þannig nú í byrjum árs 2015 að laus pláss eru ca. 5-10 pláss. Útreikningar þessir miðast við að 4 bátar séu í röð í herjum gám og 5 raðir á hæðina eða alls 20 sjókayakbátar í gám. Þar sem sit on top bátar eru nást einungis 3 bátar í röð per hæð og ef gámur er fylltur á þann veg nást einungis 15 bátar per gám. Í dag er staðan þannig að í einni röðinni í öðrum 40 feta gámunum eru sit on top bátar og ef pláss losna er reynt að hliðra til þannig að til verði pláss fyrir báðar bátategundirnar. Þetta er samt klárlega bras við að eiga um gæta menn því átt von á því að þurfa að færa sig um pláss sé þess óskað.

Nefndin hefur á síðasta ári sem endranær lagt mikið upp úr því að halda gámunum og nær umhverfi þeirra eins snyrtilegu og nokkur kostur er. Á síðasta ári voru ýmsar viðhaldsframkvæmdir sem allar miðuðu að því að fegra, snyrta og bæta aðstöðuna okkar. Steypueiningarþekkir sem settir voru 2013 vestan við geymslugámana hafa klárlega sannað gildi sitt. Gámarnir voru blettmálaðir í sama lit og verið hefur enda flestir sammála því að þessi litur sem þeim hefur verið valin sé vel til þess fallinn að draga úr áhrifum þeirra á umhverfi sitt þannig að þeir séu eins lítt áberandi og nokkur kostur er, fínir felulitir.

Vinnudagurinn á vorinn hefur algjörlega fest sig í sessi, sannað gildi sitt og var á sínum stað. Prekvirki unnið þennan dag og klárt að margar hendur vinna létt verk. Þar ber að nefna að gámar voru ryðhreinsaðir og blettmálaðir. Þök gáma heilmáluð. Borið í pallinn og rekkverk. Rusl á nærsvæði við gáma tínt. Yfirfarnir lásar á gámunum og hurðir smurðar og liðkaðar. Almenn tiltekt og þrif í aðstöðunni og svo grillað og etið kótelettur í lok dags eins og enginn sé morgundagurinn ☺



Nokkuð var endurnýjað af búnaði klúbbsins, keyptir 2 nýjir bátar og einn notaður. Nokkuð var einnig keypt af fatnaði, s.s blautbúningar, toppar, vesti og svuntuar svo eitthvað sé nefnt. Nú ætti því að vera til a.m.k. fatnaður á hver bát sem klúbburinn á og lánar félagsmönnum til prufu í félagsróðrum.

Skrifaðar voru umgengnireglur um húsnæðis og búnað klúbbsins og þær gerðar aðgengilegar á heimasíðu klúbbsins. Til stendur að prenta þær út og plastu og hengja á áberandi stað í aðstöðunni okkur til minnis hvernig við sjálf vilum að gengið sé um aðstöðuna okkar.


Aðgangskerfið var sett í gámana veturinn 2012-13. Þetta kerfi var svo tekið í fulla notkun í apríl 2014 og hafa nýjir félagsmenn eingöngu fengið úthlutuðum þannig aðgang en ekki lyklu. Þetta kerfi hefur sannað gildi sitt að mati nefndarinnar og auðveldar mjög alla umsýslu með aðgangi félagsmanna auk þess að betri stjórnun næst á hverjir hafa virkan aðgang. Mjög auðvelt er að loka aðgangi á þá félagsmenn sem ekki greiða félagsgjöld. Rætt hefur verið að skipta um lása og úthluta öllum gömlum sem nýjum félagsmönnum svona aðgangi og útrýma nánast öllum lykilaðgagni. Ekki hefur þó verið tekin endanleg ákvörðun um þetta.

Gerð var tilraun til að sækja um styrk úr Hverfissjóði Reykjavíkur 2013 sem var eyrnamerkur því að laga veginn niður á Eiðið og fegra og bæta ásynd aðstöðunnar. Ekki gekk það eftir en einhver áhrif hafði þó umsóknin því við fengum veginn lagaðan og lagðan bundnu slitlagi frá Strandveg og niður að gámum. Þetta var sko orðið löngu tímabært og er því líkur munur.

Framtíðarstaðsetning klúbbsins:



Núverandi gámabyggð á loftmynd



Hugmynd af höfuðstöðvum klúbbsins, staðsetning á svipuðum stað og núverandi gámabyggð

Húsnæðisnefnd heldur áfram að vinna að því að við fáum framtíðar byggingarleyfi fyrir höfuðstöðum Kayakklúbbsins á Eiðinu við Geldingarnes.

Lega Sundabrautar hefur verið nokkuð í umræðunni 2014 í tengslum við endurskoðun aðalskipulags. Ekkert hefur þó breyst í afstöðu klúbbsins varðandi framtíðarstaðsetningu höfuðstöðva okkar og munum við vinna áfram í þeim málum.

Lítið hefur verið unnið í deiliskipulagsvinnu af hálfu borgarinnar en árið 2011 var unnin lýsing sem ber nafnið Norðurströndin, Blikastaðakró – Geldingarnes, lýsing og matslýsing fyrir deiliskipulag Dags 12.05.2011. Það er því ljóst að mikil vinna er óunnin að hálfu skipulagsyfirvalda áður en samþykkt verður deiliskipulag af svæðinu.

Okkar hlutverk er að vera vakandi og ýta reglulega á skipulagsyfirvöld í þeirri vinnu og koma á framfæri kröfum okkar um varanlegri úthlutun lóðar á Eiðinu fyrir höfuðstöðvar Kayakklúbbsins.

Við sóttum um byggingarleyfi í desember 2013 og fengum útgefið stöðuleyfi sem gildi í ár eða til 17. desember 2014 síðastliðinn. Ekki er hægt að hálfu borgarinnar að veita varnalegt byggingarleyfi á lóð sem ekki er til.

Ekki er talinn ástæða til að sækja um byggingarleyfi á hverju ári þó reglur kveði á að svo beri að gera en síðast var sótt um lefi 2008. Telja má skynsamlegt að sækja um leyfi á tveggja til þriggja ára fresti eða svo, en leyfið er einungis veitt til eins árs í senn.

Fyrir hönd húsnæðisnefndar, feb 2015, Össur Imsland.